

Kirkjuþing 2023-2024

22. mál - þskj. 22a

## T I L L A G A

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.**

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Örnú Grétarsdóttur, Axel Árnasyni Njarðvík, Árna Helgasyni, Guðna Má Harðarsyni, Hildi Ingu Rúnarsdóttur, og Sigurði Grétari Sigurðssyni.

Frsm. Árni Helgason.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. starfsreglanna

a) 1. mgr. orðast svo:

Þjóðkirkjan viðhefur ábyrgð, traust og gegnsæi í allri fjárstjórn sem endurspeglast í öllum stjórnarháttum hennar. Sundurliðuð fjárhagsáætlun skv. 5.gr ásamt ársreikningum skal birta á heimasíðu kirkjunnar. Allar fjárskuldbindingar og samningar sem gerðir eru fyrir hönd kirkjunnar skulu birtir á opnu vefsvæði kirkjunnar sé það ekki óheimilt að kröfu hins samningsaðilans.

b) 2. mgr. orðast svo:

Fjárhagsnefnd kirkjuþings skal látið í té öll fjárhagsgögn sem formaður nefndarinnar eða staðgengill hans óskar eftir, bæði við gerð fjárhagsáætlunar og við yfirferð ársreiknings. Ennfremur skal fjárhagsnefnd kirkjuþings sjá til þess að aðrir kirkjuþingsfulltrúar fái aðgang að sömu gögnum óski þeir eftir því.

c) 1. og 2. mgr. verða 3. og 4. mgr.

### 2. gr.

Við d. lið 5. gr. bætist nýr málsl. sem orðast svo:

Rekstrarkostnaður og tekjur Skálholtsstaðar í heild sinni skal sundurgreina sérstaklega.

### 3. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þá getur framkvæmdanefnd veitt framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar heimild til að rita firmað Þjóðkirkjan í einstökum tilvikum með sérstöku umboði í hvert sinn en ekki varanlega.

### 4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

## Greinargerð.

Nýjar starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2021-2022. Samþykktirnar eru haldgóðar og hafa verð mikilvægur vegvísir á fyrstu skrefum í sjálfstæðri fjárfstjórn Þjóðkirkjunnar. Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur ítrekað þurft að minna á að starfsreglur um fjármál setja ramma sem kirkjuþing ætlast til að farið sé eftir í hvívetna. Breytingar sem hér eru bornar upp er ætlað að skerpa á þrennu. Í fyrsta lagi er hnýtt framan við 1. gr. stefnumarkandi þáttum í fjárfstjórn kirkjunnar er lítur að gegnsæi og aðgengi réttbærra aðila að gögnum. Í öðru lagi er skerpt á sundurliðun fjárhagsáætlunar í 5. gr. Í þriðja lagi er 13. gr. breytt þannig að firmaritun Þjóðkirkjunnar og prókúruumboð sé skýrara, tryggara og einfaldara.

### Um 1. gr.

Hér er vísir að stefnumörkun í allri meðferð fjármagns. Birta skal eins ítarlega fjárhagsáætlun og ársreikning og mögulegt reynist og stefna að því að koma upp mælaborði sem er opið á netinu. Þá er minnst á að allir samningar sem gerðir eru skulu ekki lúta trúnaði nema algjör nauðsyn kalli á það. Samningar sem kirkjan gerir eiga að tryggja jafnræði og réttlæti. Ef viðskiptalegir hagsmunir kalla á trúnað um stundarsakir skal birta samning um leið og kostur er. Þessu er ætlað að tryggja jafnræði og réttlæti í allri ákvarðanatöku.

Að lokum telur flutningsfólk nauðsynlegt að það komi fram í starfsreglum að formaður fjárhagsnefndar eða staðgengill hans hafi aðgang að öllum þeim gögnum er varða fjárlagagerð eða þegar yfirferð ársreiknings á sér stað. Undir þetta fellur að kirkjuþingsfulltrúar hafi aðgang að öllum fjárhagslegum samningum sem Þjóðkirkjan gengst undir. Þannig er gert ráð fyrir að rekstrarstofa og framkvæmdanefnd vinni þétt og náið með fjárhagsnefnd við gerð fjárlaganna eins og gert er ráð fyrir í 2. - 4.gr. starfsregnanna.

Ábyrg, gegnsæ og traust fjármál eru leiðarstef í starfsreglum um fjármál og með þessari breytingatillögu er skerpt á þeim ramma.

### Um 2. gr.

Þar sem fjárhagsáætlun er fjárlög og talað er um fjárlagagerð í 4. gr. starfsregna um fjármál Þjóðkirkjunnar þykir rétt að skerpa á þeim rekstrarliðum sem fjárhagsáætlun er ætlað að draga fram og bæta við d lið 5. gr. um að rekstarkostnaður Skálholtsstaðar sé sundurliðaður í fjárlagagerðinni. Þetta þykir flutningsfólki nauðsynlegt þar sem Skálholt er nú rekið undir sérstakri staðarstjórn og því mikilvægt fyrir Þjóðkirkjuna sem eigenda Skálholtsstaðar að fjárhagsáætlun sem er samþykkt sem fjárheimild sé eins nákvæm og kostur er.

### Um 3. gr.

Yfirskrift greinarinnar heldur sér óbreytt og tekur breyting á því að koma í veg fyrir að einn aðili riti firma Þjóðkirkjunnar og aldrei geti færri en tveir ritað firma Þjóðkirkjunnar en meirihluti framkvæmdanefndar getur veitt umboð til ritunar firma í hverju tilviki fyrir sig en ekki með varanlegum hætti.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar